

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Molduhraun, endurskoðað deilskipulag athafnasvæðis.*
Inn í deiliskipulagið hafa verið felldar þær breytingar sem gerðar hafa verið í tímans rás. Nýtingarhlutfall lóða hefur verið hækkað og krafa um fjölda bílastæða lögud að tegund starfsemi. Skilgreind er ný lóð, Garðahraun 1, á óbyggðu svæði. Eldra deiliskipulag, Molduhraun – iðnaðar-, verslunar- og þjónustusvæði, fellur úr gildi við gildistöku hins nýja deiliskipulags.
2. *Deiliskipulag Hnoðrahols og Vetrarmýrar, breyting vegna stækunar á byggingarreit golfskála.*
Breytingin gerir ráð fyrir því að byggingarreitur fyrir íþróttamiðstöð (golfskála) stækki til vesturs, skilgreindur sem byggingarreitur B. Stækun byggingarreits heimilar viðbyggingu við 1. hæð og er hámarkshæð innan hins nýja byggingarreits hálfum metra yfir gólfhæð 2. hæðar íþróttamiðstöðvarinnar. Hámarksstærð byggingar breytist úr 1.400 m² í 2.300 m². Lóð stækkar úr 4.800 m² í 5.912 m².
3. *Deiliskipulag Ása og Grunda, breyting á Lyngási og Stórási.*
Deiliskipulagsbreytingin afmarkast af Lyngási til norðurs, Ásabraut til vesturs og suðurs og Stórási til austurs. Fyrir er á svæðinu athafna- og atvinnuhúsabyggð sem við breytinguna breytist í blandaða byggð með íbúðum og atvinnuhúsnæði. Breytingin er sett fram í nýju deiliskipulagi sem nær til svæðisins og með gildistöku þess eru feld út öll ákvæði sem gildandi deiliskipulag Ása og Grunda gerir ráð fyrir á viðkomandi svæði og sem koma fram í skilmálum og á uppdrætti. Gert er ráð fyrir nýrri götu sem mun bera heitið Eskiás.
4. *Urriðaholt, 3. áfangi, norður- og háholt, óveruleg breyting á deiliskipulagi vegna Urriðaholtsstrætis 40-42.*
Tillagan gerir ráð fyrir því að lóðinni Urriðaholtsstræti 40-42 verði skipt upp í tvær lóðir, Urriðaholtsstræti 40 og Urriðaholtsstræti 42.
5. *Urriðaholt, vesturhluti, óveruleg breyting á deiliskipulagi vegna Keldugötu 6-12.*
Tillagan gerir ráð fyrir að lóð Keldugötu 6-12 verði skipt upp í fjórar lóðir.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 11. október 2019.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.